

## Grenitré við Brekkugötu 12

**Til** : Ingibjörg Sigurðardóttir  
**Frá** : helga.lara.thorsteinsdottir@gmail.com  
**Heiti** : Grenitré við Brekkugötu 12  
**Málsnúmer** : 1804445  
**Málsaðili** : Helga Lára Þorsteinsdóttir  
**Skráð dags** : 12.03.2018 16:38:25  
**Höfundur** : helga.lara.thorsteinsdottir@gmail.com

**Viðhengi** [IMG\\_5408 copy.jpg](#)[IMG\\_5408 copy.jpg](#)

Heil og sæl,

nýverið festum við kaup á Brekkugötu 12 þar sem við erum að koma okkur fyrir. Í garðinum stendur afar hátt grenitré sem hefur fengið að vaxa óáreitt undanfarna áratugi og er orðið ansi breitt og plássfrekt. Það er okkar mat, með fullri virðingu fyrir sögunni, að þetta tré hafi lokið hlutverki sínu í garðinum og viljum við kanna með möguleika á að fella það í sátt og samlyndi við bæinn og íbúa í nágrenninu.

Er nokkuð því til fyrirstöðu að við látum fjarlægja tréð eða þarf að fara með málið í gegnum ykkur eða aðra hjá bænum?

Við ræddum við Steinar hjá Gróðrarstöðinni Þöll og hann ráðlagði okkur að setja þig inn í málið.

Með kveðju,  
Helga Lára Þorsteinsdóttir og Pétur Örn Friðriksson,  
Brekkugötu 12.